



**Varðandi:** Málafni sementsstrompsins

**Málsnúmer:** 1804101

**Dagsetning:** 11.04.2018

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að láta fara fram ráðgefandi skoðanakönnun meðal íbúa Akraneskaupstaðarum framtíð sementsstrompsins. Bæjarráð samþykkir að könnunin fari fram rafrænt á heimasíðu Akraneskaupstaðar á tímabilinu frá 16. -22. apríl næstkomandi að því gefnu að kostnaðarliðir er varða annars vegar viðhald og hins vegar niðurrif liggi þá fyrir.

Niðurstaða könnunarinnar verði síðan lögð fyrir bæjarráð að nýju þann 26. apríl næstkomandi og í kjölfar þess tekin endanleg ákvörðun um framhald málsins í bæjarstjórn Akraness.

---

**GREINARGERÐ:** Niðurrif á Sementsreit ganga mjög vel samkvæmt upplýsingum frá verktaka og eftirlitsaðila Akraneskaupstaðar en verkið er á undan verkáætlun. Staða framkvæmdamála er eftirfarandi:

1. Efnisgeymsla, byrjað að litlu leyti
2. Kvarnahús, hálfnað verk, byrjað var að rífa þann hluta sem var inn í Efnisgeymslu
3. Kolamóttaka, lokið
4. Kolafæribandahús, nýbyrjað
5. Sandfæribandahús, er að klárast
6. Geymsluhús, lokið
7. Ofnhús, lokið, eftir að taka sökkla og ofn.
8. Kolakvarnahús, nýbyrjað
9. Reykhreinsihús, lokið
10. Leðjugeymar, lokið
11. Reyksíuhús, lokið
12. Stjórnstöð, nýbyrjað
13. Blásarahús, lokið
14. Dæluhús, lokið
15. Leðjuþró, lokið

Eftir að niðurrifi lýkur þarf að koma steypubrotum í sandgryfju og hreinsa þau af steypustyrktarjárn.

Verktaki sér um að koma brotmálmum í skip í áföngum.



## Akraneskaupstaður

Ljóst er á þessum tímapunkti að taka þarf ákvörðun um framtíð sementsstrompsins og þykir nauðsynlegt að vita kostnaðartölur bæði við niðurrif og viðhald strompsins áður en til að unnt sé að taka afstöðu til framhaldins. Varðandi viðhald á strompinum þá liggur fyrir gróflega áætlað kostnaðarmat Mannvits á um 28 mkr. til að koma strompnum í ásættanlegt horf og síðan í kjölfarið er gert ráð fyrir um um 11 mkr. í reglubundið viðhald á 6 ára fresti. Kostnaður við niðurrif liggur ekki fyrir að svo stöddu en viðræður eru hafnar við verktaka um verð á því.

Lagt er til við bæjarráð framkvæmd verði skoðanakönnun á heimasíðu Akraneskaupstaðar um framtíð strompsins. Samhliða þeirri könnun verði veittar upplýsingar um allan þann kostnað sem felst í annars vegar niðurrifi og hins vegar í viðhaldi strompsins. Könnunin verður opin í viku eða frá 16. til 22. apríl næstkomandi, að því gefnu að allar kostnaðartölur liggi þá fyrir. Aðeins verður hægt að kjósa einu sinni frá hverri IP tölu. Niðurstaðan verði lögð síðan fyrir bæjarráð þann 26. apríl næstkomandi. Komi til niðurrifs strompsins er lagt til að bæjarráð efni til hugmyndasamkeppni um minnisvarða og að settur verði á laggirnar starfshópur sem vinni að mótun þeirra samkeppni. Það skoðist nánar eftir að endanleg ákvörðunartaka liggur fyrir um framtíð strompsins.

### Lagt er að spurningin verði orðuð svona:

*Framtíð sementsstrompsins – við viljum fá þitt álit!*

*Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um kostnað við viðhald eða niðurrif sementsstrompsins er óskað eftir að þú láti uppi afstöðu þína með því að velja annan hvort kostinn:*

- 1. Strompurinn standi áfram.*
- 2. Strompurinn verði felldur.*

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.



Sævar Freyr Þráinsson  
bærarstjóri